


Afstöðumynd, mkv. 1:1000




Snið A–A, mkv. 1:100

## NEÐRISTÍGUR 11- ÞINGVÖLLUM. BYGGINGARLÝSING.

Samþ. 25.01.2005

Um er að ræða frístundahús, sem byggt verður á Þingvöllum í stað eldri sumarbústaðs.

**Útveggir** verða byggðir upp með 6" timburgind, einangraðir með 150 mm steinull. Að innan verða tvöföldar gifsplötur klæddar á rafmagnsgrind. Að utan verður timburgrindin styrkt með vatnslímdum krossvið. Utan á krossviðinn koma lektur og lárétt timburklæðning þar utan á.

**Sökklar** eru úr járnbentri steinsteypu og einangaðir með 75mm einangrunarplasti.

**Gólfplata** er úr járnbentri steinsteypu einangraðri með 75mm einangrunarplasti. Ofan á plötu er einnig plasteinangrun. Í hana eru lagðar lagnir fyrir gólfhitun. 5cm ílögn er síðan lögð yfir.

**Þakvirki** er gert af trésperrum 3"x9", dekkað með 1"x6" og klætt Protan G dúk, þöktum torfi á lægri hluta þaks (flötu þaki), en timbri yfir svefnlofti. Þak er einangrað í samræmi við gr. 180.3. (200mm þakull). Útloftun þaks verður í samræmi við gr. 136.4.

**Loftaklæðningar** verða að minnsta kosti í flokki 2.

**Gólfhiti** verður í húsinu.

**Gluggar** verða með tvöföldu og misþykku K gleri. Engir lóðréttir póstar verða í glerflötum og í þá verður notað þykkara gler.

**U- gildi** einstakra byggingarhluta yfirstígur ekki eftirfarandi hámarksgildi: ÞAK 0,2 ÚTVEGGUR 0,4 GLUGGAR 2,0 GÓLF 0,3, OG VEGIÐ MEÐALTAL ÚTVEGGS 0,85.

**Léttir innveggir** eru byggðir úr 70mm málmstoðum sem klæddir verða með 2x13mm gifsplötum báðum megin. Innveggir svefnherbergja og salerna eru jafnframt klæddir steinullareinangrun, þannig að ákvæðum reglugerðar varðandi hljóðvist milli herbergja er fullnægt. Hljóðvist hússins verður í samræmi við ákvæði gr. 171-177.

**Inntök** rafmagns og vatnsveitu eru í geymslu.

**Blautrými** eru búin gólfniðurföllum.

**Plötuklæðningar** aðrar en að framan er getið eru í flokki 1.

**Frárennslislagnir** eru plast (PP) einangraðar, vafðar plasti og settar í veggi. Sjá verður til þess að þær uppfylli hljóðvistar og brunamálakröfur.

**Rotþró** verður í samræmi við heilbrigðisreglugerð.

**Loftræst** verður með opnanlegum gluggafögum.

**Staðlar:**

- IST 65 frárennslislagnir í jörð.
- IST 67 vatnslagnastaðall.
- IST 68 Fráveitulagnir í húsum.
- Brunavarnir í byggingum.

**Brúttóflatarmál:**

Brúttóflatarmál hæðar: 90,4m²
Brúttóflatarmál svefnlofts: 22,9m²
Svefnloft er 20,7% af grunnfleti húss.




Snið A–A, mkv. 1:100

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| verkheiti: Neðristígur 11 | snið, afstöðumynd | | breyting: | 101 |
| verkkaupi: | skrá: | | | |
| teiknað: orri árnason faí, kt. 080864-5749, | mkv.: 1:500, 1:100 | áfangi: | dags.: 4.1.05 | teikn.nr. |
| e-mail: zeppelin@simnet.is sími: 5533640, | garðatorg 7, 210 garðabær | | | zeppelin arkitektar |